

ÓLAFSVÍK – GRUNDARFJÖRÐUR

LAGNING 66 OG 19 KV JARÐSTRENGJA OG LJÓSLEIÐARA

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki umfangsmikil en er innan svæðis á náttúrminjaskrá og mikilvægt að standa að henni þannig að lágmarks rask verði. Framkvæmdin er að verulegu leyti meðfram vegum á þegar röskuðu landi en mun hafa í för með sér nokkra tímabundna röskun á graslendi og jaðri votlendis þar sem hún víkur frá vegum. Í ljósi þess og lítils umfangs framkvæmdarinnar verða áhrif hennar á gróður og jarðveg ekki veruleg auk þess sem minnka má þau enn frekar með sáningu og vönduðum frágangi. Mikilvægt er að farið sé að tilmælum Fornleifaverndar ríkisins um könnun á fornleifum, samráð og endanlegt leiðarval. Vanda þarf til verka við þverun Fróðár m.t.t. lax- og silungsveiði.

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagningu 66 og 19 kV jarðstrengja og ljósleiðara milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Grundarfjarðarbæjar og Snæfellsbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012. Auk þess þarf leyfi Orkustofnunar skv. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015 og aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2012. Sveitarstjórnir þurfa einnig að kanna hvort framkvæmdin kallar á breytingu á deiliskipulagi. Aðalskipulagsbreytingar og eftir atvikum deiliskipulagsbreytingar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. nóvember 2012.

3. október 2012

INNGANGUR

Samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3b í 2. viðauka laganna tilkynnti Landsnet til Skipulagsstofnunar, þann 22. ágúst 2012, lagningu 66 og 19 kV jarðstrengja og ljósleiðara milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur,.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Veturlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Grundarfjarðarbæ með bréfi dags. 2. október 2012, Snæfellsbæ með bréfi dags. 10. september 2012, Fiskistofu með bréfi dags. 4. september 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 11. september 2012, Heilbrigðiseftirliti Veturlands með bréfi dags. 10. september 2012, Orkustofnunar með bréfi dags. 6. september 2012 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. september 2012. Frekari upplýsingar bárust frá Eflu, f.h. Landsnets, með tölvupósti dags. 27. september 2012.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að Landsnet og Rarik undirbúa lagningu 66 og 19 kV jarðstrengja og ljósleiðara milli Ólafsvíkur og Grundarfjarðar og að ætlunin sé að leggja þá saman. Frá tengivirki við Ólafsvík verði strengirnir lagðir meðfram gömlum og núverandi slóðum og komið að þjóðvegi við vesturenda Fróðárrifs, við Bugsvötn. Þaðan verði Útnesvegi nr. 574 og síðan Snæfellsnesvegi nr. 54 svo fylgt, sunnan vegar meginhluta leiðarinnar, nema á kafla við Geirakot og Brimilsvelli og frá Búlandshöfða að Lárvaðli. Næst Grundarfirði verði fylgt gömlum vegi og göngustíg að tengivirki ofan við bæinn. Jarðstrengjaleiðin verði að hluta innan helgunarsvæðis vegarins, en við Fróðárheiðarveg verði vikið nokkuð frá vegna fyrirhugaðrar breytingar á veginum. Á nokkuð löngum kafla við Búlandshöfða sé mjög þröngt til strenglagna. Þar verði 19 kV strengur frá Rarik og ljósleiðari sem þar liggur, teknir upp að hluta og þeim svo komið fyrir aftur með 66 kV jarðstreng Landsnets. Haft hafi verið samráð við Vegagerðina um nánari útfærslu strengjaleiðarinnar á ákveðnum stöðum og þurfi að halda því samráði áfram við endanlega útfærslu hennar. Reynt hafi verið að koma til móts við hugmyndir Vegagerðarinnar.

Fram kemur að strengjaleiðin liggur að hluta um svæði nr. 223 á náttúruminjaskrá, sem nær yfir utanvert Snæfellsnes og nærri svæði 225 í Búlandshöfða, en þar sem leiðin liggur á þessum svæðum alfarið meðfram vegum er ekki talið að framkvæmdin muni hafi áhrif á verndargildi svæðanna. Neikvæð umhverfisáhrif felist aðallega í raski á gróðurþekju en að framkvæmd lokinni verði sáð í sár og landi komið í fyrra horf. Varanleg neikvæð áhrif á landslag verði í lágmarki þar sem ekki sé um óraskað landsvæði að ræða, vegir og landbúnaður í grennd og þéttbýli næst endum framkvæmdasvæðisins.

Komi í ljós að fornminjar séu til staðar á strengjaleiðinni verði sveigt hjá þeim og/eða framkvæmdir stöðvaðar og ekki hafnar aftur nema í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Fram kemur að ekki hafi þótt ástæða til að skoða sérstaklega segulsvið frá jarðstrengjum í borgarumhverfi, t.d. í Reykjavík þar sem strengir með 11 til 132 kV spennu liggja undir gangstéttum og götum og því ekki talin ástæða til þess fyrir umræddan streng.

Fram kemur að markmið framkvæmdarinnar sé að auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu með því að styrkja raforkuflutningskerfið á Snæfellsnesi og endurnýja gamla línu í dreifikerfi svæðisins.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að fyrirhuguð lagning jarðstrengja sé hvorki í samræmi við aðalskipulag Grundarfjarðar eða Snæfellsbæjar. Í Ólafsvík og á Grundarfirði mun e.t.v. vera í gildi deiliskipulag sem verði að breyta.

Það er mat framkvæmdaraðila að framkvæmdin muni hafa óveruleg umhverfisáhrif.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Veturlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Fiskistofa bendir á að hagsmunir með tilliti til í lax- og silungsveiði séu fremur litlir nema í tengslum við vatnasvið Fróðár þar sem verði að vanda til verka við lagningu jarðstrengja yfir ána.

Fornleifavernd ríkisins bendir á að eins og fram komi í tilkynningunni hafi fornleifar ekki verið skráðar á öllu framkvæmdasvæðinu en við lokahönnun sé gert ráð fyrir að fornleifafræðingur fari eftir strengjaleiðinni til að athuga hvort fornleifum stafar hættu af framkvæmdinni. Stofnunin bendir á að bera þurfi niðurstöður könnunar fornleifafræðings undir stofnunina, hvort sem minjar finnast eða ekki og að samráð verði haft við hana um endanlega legu lagnaleiðarinnar nærri fornleifum, komi þær í ljós.

Framkvæmdaraðili tekur fram í svörum að þegar skráning liggur fyrir verði stofnunin upplýst um niðurstöður hennar.

Orkustofnun bendir á að afla þarf leyfis stofnunarinnar skv. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003 fyrir lagningu á flutningslínu með 66 kV spennu eða hærri.

Umhverfisstofnun bendir á að umræddir jarðstrengir verði að mestu lagðir í og við núverandi vegsvæði en þar sem vikið verði frá vegi muni þeir liggja í graslendi, eða í jaðri votlendis nærri fláafæti vegar. Helstu umhverfisáhrif verði tímabundin röskun á gróðri en með vönduðum frágangi ættu sýnileg áhrif framkvæmdarinnar að hverfa á fáum árum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 66 og 19 kV jarðstrengja og ljósleiðara milli Ólafsvíkur og Grundarfjarðar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki umfangsmikil en er innan svæðis á náttúrminjaskrá og mikilvægt að standa að henni þannig að lágmarks rask verði. Framkvæmdin er að verulegu leyti meðfram vegum á þegar röskuðu landi en mun hafa í för með sér nokkra tímabundna röskun á graslendi og jaðri votlendis þar sem hún víkur frá vegum. Í ljósi þess og lítils umfangs framkvæmdarinnar verða áhrif hennar á gróður og jarðveg ekki veruleg auk þess sem minnka má þau enn frekar með sáningu og vönduðum frágangi. Mikilvægt er að farið sé að

tilmælum Fornleifaverndar ríkisins um könnun á fornleifum, samráð og endanlegt leiðarval. Vanda þarf til verka við þverun Fróðár m.t.t. lax- og silungsveiði.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landsnets vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning 66 og 19 kV jarðstrengja og ljósleiðara milli Ólafsvíkur og Grundarfjarðar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Grundarfjarðarbæjar og Snæfellsbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012. Auk þess þarf leyfi Orkustofnunar skv. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015 og aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2012. Sveitarstjórnir þurfa einnig að kanna hvort framkvæmdin kallar á breytingu á deiliskipulagi. Aðalskipulagsbreytingar og eftir atvikum deiliskipulagsbreytingar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. nóvember 2012.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson